

Ólafur Guðmundsson stjórnarmaður í FÍB og LÍA
Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri FÍB

EuroRAP - European Road Assessment Programme

EuroRAP eru fjölþjóðleg samtök sem stofnuð voru árið 2000 af evrópskum bifreiðaeigendafélögum og vegayfirvöldum með það að markmiði að vinna saman að því að auka umferðaröryggi á vegum.

EuroRAP er systurverkefni EuroNCAP öryggiskerfisins, sem árekstrarprófar bíla og gefur þeim stjórnur fyrir öryggi.

Tilgangur EuroRAP er að koma fram með samræmt flokkunarkerfi á öryggi vega í Evrópu. Öryggiskerfið upplýsir neytendur og er mikilvægt tæki fyrir vegahönnuði til að mæla áhættu á vegum og bera saman öryggi mismunandi vega.

Kortlagning áhættuþátta er mjög mikilvægt tæki. Það gefur vegahönnuðum tækifæri til að skiptast á skoðunum við almenning og kjörna fulltrúa. Það opnar fyrir skoðanaskipti við ökumenn um áhættuþætti t.d. um skynsamleg hraðatakörk. Það gefur möguleika á að bera saman árangur í hverju landi fyrir sig og á milli landa.

Í EuroRAP er umferðaröryggi sett í ákveðið kerfi. Þar er ábyrgðin er borin sameiginlega af bílaframleiðendum, vegayfirvöldum og ökumönnum. Nýja kerfið byggir á aðferðum svipuðum þeim sem lengi hefur verið beitt í flugi, á sjó og í vinnuöryggiskerfum (t.d. í verksmiðjum). Það gerir þær kröfur til yfirvalda og framleiðenda að við hönnun vega og ökutækja sé gert ráð fyrir mannlegum mistökum. Til þess að þetta nái fram að ganga þarf að tryggja óháð gæðaeftirlit á vegum og ökutækjum.

Virðing fyrir öryggisreglum er mjög mikilvæg í þessu kerfi. Þess vegna þurfa viðurlög að vera hörð gagnvart þeim sem meðvitað sniðganga og brjóta umferðarreglur.

Um alla Evrópu eru 4 meginástæður dauðaslysa: Framaná-árekstrar. Hliðarárekstrar á vegamótum. Útafakstur (staurar, ræsi, tré, stórgrýti o.fl.). Ákeyrslur á gangandi eða hjólandi vegfarendur.

Meginmarkmið EuroRAP er að fækka verulega banaslysum og alvarlegum slysum í umferðinni.